

Nr. 25/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er í héraði höfðað af ritstjóra Skúla Thoroddsen gegn stefnda, Kristjáni H. Jónssyni ábyrgðarmanni blaðsins »Vestra«, fyrir meiðyrði í grein í blaði þessu, 37. tölubl. 1902, er út kom 19. júlí f. á., en fyrirsögn greinarinnar er: »Fégjafir og atkvæðakaup«. Var málið dæmt í gestarétti Ísafjardarkaupstaðar 30. okt. f. á. á þá leið, að orðin »fiskaði í gruggugu vatni« voru dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur í sekt fyrir þau til landssjóðs samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 15 krónur, en skyldi sæta 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði ekki öll greidd innan ákveðins tíma. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. apríl þ. á., og hefir hann krafist þess, að öll þau ummæli, sem hann hefði átalið fyrir undirrétti, verði dæmd dauð og ómerk, að sektarákvæði dómsins verði hækkað, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað.

Í fyrgreindri blaðgrein, sem hefir að fyrirsögn: »Fégjafir og atkvæðakaup«, og sem áfrýj-

andinn telur meiðandi fyrir sig, er fyrst skýrt frá því, að kæra hafi komið fram í Sléttuhreppi, þar sem sagt sé að einn af kjósendum Skúla og sira Sigurðar hafi við umtal um alþingiskosningarnar síðustu borið »ýmislegt miður lögmætt og sæmandi frá aðförum hr. Skúla alþingismanns Thoroddsens, sem hann hafi viðhaft til að afla sér atkvæða«, þar á meðal, að þessi kjósendi ásamt ýmsum fleiri, sem nafngreindir eru í kærinni »hafi fengið fégjafir frá hr. Sk. Thoroddsen til að greiða honum atkvæði sín«. Eftir að þar eftir er í greininni skýrt frá því, hvað komið hafi fram við rannsókn, er sýslumaður hafði haldið út af kærinni, segir í greininni: »Það sem þegar hefir komið í ljós, virðist sýna það fullljóst, að Skúli hafi fiskað í grugguðu vatni við kosningarnar, og er ekki ósennilegt, að víðar í sýslunni hafi sömu meðölum verið beitt við kosningar og í Sléttuhreppi« »Það er vonandi að amtið láti ekki hjálða að gjöra duglega gangskör að því, að mál þetta verði rannsakað rækilega og það ekki einungis í þessum eina hreppi, heldur um alla sýsluna; því það er sannarlega að misbjóða sóma þjóðarinnar, fótumtroða rétt hennar og að slá fjötrum á frelsi hennar, ef óhlutvöndum mönnum er látið haldast það uppi óstraffað, að kaupa sig inn á þingið með peningum og öðrum fégjöfum. Það væri lítils góðs að vænta af löggjafarþingi þjóðarinnar, ef það væri skipað mörgum slíkum kumpánum«. Loks er síðast í greininni tekið fram, hve nauðsynlegt væri að uppræta mútu-

brúkun við kosningar áður en þær yrðu að þjóðlesti, eins og búast mætti við, ef ekkert væri aðgert, þótt augljóst virtist að slíkt (o: mútur) hefði átt sér stað.

Það verður nú ekki talið saknæmt, þótt skýrt hafi verið frá því í umstefndri grein, að kæra hafi komið fram opinberlega gegn áfrýjanda, eða frá innihaldi kærunnar, ef það er ekki rangfært, en áfrýjandi hefir ekki haldið því fram, að svo væri gjört. Sömu leiðis var það ósaknæmt að skýra frá rannsókn málsins, er út af kærinni spanst, og því, sem þar kom fram, ef rétt var með það farið, og áfrýjandi hefir ekki sýnt fram á það, að skýrsla greinarinnar í þessu efni sé í neinu atriði röng. Öðru máli er að gegna um síðari hluta greinarinnar, klausur þær, er tilfærðar eru hér að framan, en þar lætur greinarhöfundurinn ótvíræðlega í ljósi það álit sitt, að ekki þurfi nema rækilegri rannsóknar í málinu til þess, að áfrýjandinn verði straffaður fyrir atkvæðakaup, enda einnig gefið í skyn, að hann sé óhlutvandur maður. Með því að þessi aðdróttun að áfrýjandanum er ekki réttlætt með því, sem skýrt er frá framar í greininni um, hvað upplýst hafi orðið við rannsókn málsins eða á annan hátt, en það er þvert á móti upplýst, að rannsókn sú, er hafin var út af fyrgreindri kæru, var látin talla niður án málshöfundunar gegn áfrýjanda, þá verður stefndi að sæta sekt samkvæmt lögum fyrir ærumeiðing þá, er í aðdróttun þessari felst, eins og einnig ber að ómerkja þá klausu greinarinnar, sem

byrjar með orðunum: »ef óhlutvöndum mönnum« og endar með »slíkum »kumpánum«. Svo stendur og óhaggað ákvæði undirdómsins um sekt fyrir orðin »fiskað í grugguðu vatni« og ómerking á þeim.

Sekt sú, er stefnda samkvæmt þessu ber að greiða, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 219. grein alm. hegningarlaga 50 krónur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd á ákveðnum tíma, 12 daga einfalt fangelsi. Stefnda ber samkvæmt þessum úrslitum málsins að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði í sekt til landssjóðs 50 krónur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd innan ákveðins tíma, 12 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiddandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjandanum Skúla Thoroddsen í málskostnað 40 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.